

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, iðnaðar-, viðskipta- og þjónustusvæði við Kaplakrika.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 20. ágúst 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015 frá 23. desember 1997.

Breytingin felst í því að skipt er út texta í greinargerð á síðu 61 þannig að viðmiðun fyrir hámarksnýtingarhlutfall lóða á svæði fyrir iðnað, viðskipti og þjónustu við Kaplakrika eykst úr 0,4 í 0,4-1,0.

Breyting þessu hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðarbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstofnun, 20. ágúst 2002.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Arnarneshrepps 1997-2017, Hjalteyri.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 15. ágúst 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Arnarneshrepps 1997-2017 frá 7. desember 1998.

Breytingin varðar landnotkun á Hjalteyri þar sem hluti iðnaðarsvæðis verður svæði fyrir verslun og þjónustu.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Arnarneshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstofnun, 15. ágúst 2002.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*